Markaðspunktar í dag:

- Marel hf. : 4. ársfjórðungur – Von á góðu ári

Marel hf. : 4. ársfjórðungur – Von á góðu ári

Marel birtir uppgjör sitt fyrir 4. ársfjórðung 2011 þann 1. febrúar 2012. Greiningardeild á von á góðu uppgjöri en pantanastaða félagsins hefur aldrei verið betri en í lok 3F – spáin gerir ráð fyrir að tekjur verði tæplega 186 milljónir evra og EBITDA um 28 milljónir evra eða um 15% af tekjum.

Afkomuspá

	1F 2011	2F 2011	3F 2011	4F 2011s	2011s	2012s
Tekjur	153,5	161,9	169,1	185,6	670,1	696,9
Vöxtur milli ára	*19,1%*	*19,0%*	*13,1%*	*10,7%*	*15,1%*	*4,0%*
EBITDA	23,8	9,8	25,8	28,0	87,5	105,2
% af tekjum	15,5%	6,1%	15,3%	15,1%	13,1%	15,1%
EBIT	17,1	3,9	19,5	21,6	62,0	76,7
% af tekjum	11,2%	2,4%	11,5%	11,6%	9,3%	11,0%
Hagnaður	8,8	0,2	10,5	12,6	32,1	45,4

Heimild: Greiningardeild Arion banka, árshlutareikningar Marel - tölur eru í milljónum evra

Sterk pantanastaða í lok 3F. Pantanastaðan hjá Marel hefur aldrei verið hærri en hún var í lok 3F 2011, þá stóð pantanabókin í um 204 milljónum evra. Nýjar pantanir á 3F námu 197 milljónum evra. Það má gera ráð fyrir að þessi sterka pantanabók tryggi góðar horfur á 4. ársfjórðungi og því áframhald á góðu ári hjá félaginu. Þó velta afkomutölur töluvert á nýjum pöntunum og afgreiðslu stærri verkefna á hverjum fjórðung.

Góður vöxtur á árinu. Við spáum tekjuvexti upp á um 10,7% á 4F 2011 samanborið við sama fjórðung ársins 2010. Tekjuvöxtur félagsins á árinu yrði því um 15,1% og EBITDA félagsins fyrir árið í heild um 88 milljónir evra (að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar á 2F 2011 vegna lífeyrissjóðsmála). Rekstur Marel hefur gengið vel á árinu og nam hagnaður fyrstu 9 mánuði ársins um 19,5 milljónir evra samanborið við 8 milljónir evra fyrir sama tímabil árið áður. Greiningardeild spáir hagnaði upp á 32,1 milljón evra á þessu ári, en hagnaður síðasta árs var um 13,5 milljónir evra og því má búast við að félagið gott betur en tvöfaldi hagnað sinn milli ára.

Markaðsaðstæður. Þessi sterka pantanastaða í lok 3F er góð vísbending um verkefnastöðuna til skamms tíma, en versnandi efnahagshorfur úti í heimi og sú mikla óvissa sem ríkir á mörkuðum núna gæti sett strik í reikninginn horft til aðeins lengri tíma. Þó Marel sé minna bundið þróun á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum en áður, þar sem auknar pantanir berast t.d. frá Kína og Brasilíu, er félagið

ennþá mjög háð efnahagsaðstæðum þar enda koma tekjur félagsins að mestu þaðan. Jákvæð þróun hefur verið í Bandaríkjunum sé tekið mið af framleiðsluvísitölu ISM síðustu mánuði á meðan staðan í Evrópu hefur lítið breyst. Um þessar mundir gætir ákveðins titrings á mörkuðum þar sem lánshæfi ríkja hefur lækkað og efnahagshorfur fara versnandi. Þetta gæti haft neikvæð áhrif á fjármögnunarskilyrði fyrirtækja og því nýjar pantanir hjá Marel á komandi misserum.

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka		
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973
Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson		

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is